



Háskóla- iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti
Lindargata
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 20. nóvember 2023

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins vegna áforma um lagasetningu vegna sameiningar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs, mál nr. 220/2023

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI”) hafa tekið til umsagnar áform um lagasetningu vegna sameiningar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (hér eftir „NSA”) og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóðs (hér eftir „Kría”), mál nr. 220/2023. SI eru stærstu hagsmunasamtök atvinnurekenda á Íslandi og innan samtakanna eru félög í fjölbreyttum greinum iðnaðar og af öllum stærðum. SI gæta meðal annars hagsmuna hugverkaiðnaðar en innan hans er helsta uppspretta nýsköpunar á Íslandi. Auk þess eru Samtök sprotafyrirtækja (SSP) starfsgreinahópur innan SI. SSP voru stofnuð árið 2004 og eru öflugasti vettvangur íslenskra sprotafyrirtækja. Þess má geta að yfir 90% af endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunarkostnaðar á grundvelli laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki hafa runnið til fyrirtækja í iðnaði¹. Þetta sýnir glöggð að nýsköpun á sér fyrst og fremst stað í iðnaði þó afrakstur hennar og hagnýting eigi sér stað í öllum greinum atvinnulífs og sviðum samfélags. Þessara hagsmuna gæta Samtök iðnaðarins.

SI styðja sameiningu NSA og Kríu og telja jákvætt að fjármagn það sem eyrnamerkt er í fjármálaáætlun og fjárlögum í fjárfestingar Kríu, en hefur ekki nýst sem skyldi á síðustu misserum, geti nú ratað í fjölbreyttari fjárfestingar til að styðja við verðmætasköpun á Íslandi til framtíðar.

Á sama tíma og SI styðja markmið áformanna leggja samtökin mikla áherslu á að heildarsamtök iðnaðar eigi áfram fulltrúa í stjórn nýs sameinaðs sjóðs enda mikilvægt að aðili sem gætir hagsmuna hugverkaiðnaðar í heild sem og íslenskra sprotafyrirtækja sé tilnefndur í stjórn sameinaðs sjóðs, sbr. núverandi lög um NSA.

NSA var stofnaður með lögum nr. 61/1997 og var sjóðnum lagt til stofnfé af sameiginlegu eigin fé Fiskveiðisjóðs Íslands, Iðnlánasjóðs, Útflutningslánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs sem þá voru starfræktir. Þessir sjóðir runnu svo saman með stofnun Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem stofnaður var samhliða NSA. Frá stofnun NSA hefur atvinnulífið haft beina aðkomu að starfsemi sjóðsins með því að tilnefna stjórnarmenn. SI hafa tilnefnt einn mann og einn til vara og hið sama hafa Samtök fyrirtækja í

¹ https://www.si.is/media/eplica-uppsetning/Greining-SI_Skattahvatar-R-Th_25-10-2023.pdf



sjávarútvegi (SFS) gert. Þessi beina aðkoma iðnaðar og sjávarútvegs að NSA hefur styrkt sjóðinn og aukið trúverðugleika hans. NSA á sér langa sögu, býr yfir sterkum innviðum og reyndum mannaúði.

Í skýringum í áformaskjalinu segir að ætlunin sé að sameina krafta nýsköpunarsjóða á vegum ráðuneytisins þannig að úr verði nýr og öflugur fjárfestinga- og styrktarsjóður sem hafi skýra áherslu á nýskapandi lausnir með samfélagslegum áskorunum.

SI fagna því að til standi að minnka yfirbyggingu í sjóðaumhverfi á Íslandi. Mun skynsamlegra er fyrir ríkið að fjármagnið sem nú fer í rekstur og utanumhald nýtist í beinan stuðning við nýsköpun þar sem markaðsbrestur er til staðar, tímabundinn skortur er á fjármagni eða aðrar aðstæður kalla á stuðning ríkisins.

Í þessu sambandi vilja SI benda á að núverandi fyrirkomulag og lög um NSA rúmar öll þau verkefni sem fyrirhugað er að nýr sjóður sinni, þar á meðal fjárfestingu í vísisjóðum. Í því samhengi má rifja upp að ríkissjóður lagði NSA til fjármuni í þeim tilgangi að fjárfesta í sprotasjóðnum Frumtaki 1 en áður hafði NSA fjárfest í sjóðunum Auði I og Brú II. Leiðin að settu marki gæti þannig falið í sér að Kría sé felld undir NSA.

SI og félagsmenn samtakanna hafa ákaflega góða reynslu af NSA. Samtökin telja sjóðinn hafa á liðnum árum spilað vel úr því svigrúmi sem hann hefur haft, þar sem ekki hefur komið nýtt fjármagn inn í sjóðinn um árabil, ávaxtað fjárfestingar sínar vel og einblínt á að koma að fyrirtækjum á fyrri stigum þegar þörfin er mest og selt svo sinn hlut þegar fyrirtækin eru stöndugri og eiga hægara um vik með að sækja aðra fjárfestingu. Þá hafa fyrirtæki í eignasafni sjóðsins almennt talað með jákvæðum hætti um aðkomu NSA og telja stuðning frá sjóðnum hafa komið fram með mun víðtækari hætti en einvörðungu fjárhagslegum.

Vilja SI að öðru leyti koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

1. SI vekja athygli ráðuneytisins á því að mikil óvissa er meðal forsvarsmanna fyrirtækja í eignasafni NSA um þessar mundir vegna sameiningaráforma ráðuneytisins um hvernig fer með fjárfestingu sjóðsins í fyrirtækjum þeirra. Brýnt er að aflétta af þessari óvissu strax til þess að hamla ekki vexti fyrirtækjanna eða hindra möguleika þeirra á að sækja sér frekari fjárfestingu.
2. SI ítreka mikilvægi þess að iðnaðurinn eigi áfram fulltrúa í stjórn nýs sjóðs enda mikilvægt að aðili sem gæti hagsmuna hugverkaíðnaðar í heild sem og íslenskra sprotafyrirtækja sé tilnefndur í stjórn sameinaðs sjóðs, sbr. núverandi lög um NSA. Nauðsynlegt er að þeir aðilar sem skipaðir eru í stjórn sjóðsins hverju sinni hafi víðtæka þekkingu, reynslu og nán tengsl við atvinnulífið. SI óska því eftir því að áfram verði tiltekið í lögum að SI, sem eru í stöðugum samskiptum við fyrirtæki í tækni- og hugverkaíðnaði, eigi fulltrúa í stjórn nýs sameinaðs sjóðs og að það sé ekki háð pólitískum duttlungum hverju sinni hverjir séu fulltrúar atvinnulífsins í stjórn sjóðsins. Þá telja SI mikilvægt að hugað sé að hagsmunaárekstrum, þannig að fulltrúar í stjórn sjóðsins eigi ekki hagsmuna að gæta sjálfir, þ.e.a.s. í gegnum rekstur á einstaka fyrirtækjum eða þátttöku í sjóðum sem gætu verið í leit að fjárfestingu.
3. SI leggja ríka áherslu á að eitt markmiða sameinaðs sjóðs verði að ýta undir fjárfestingu í fyrirtækjum sem eru í hátækni- og/eða djúptækni þar sem þróunin tekur lengri tíma, krefst fjárfestingar í tækjabúnaði og aðstöðu og þar af leiðandi þolinmóðs fjármagns. Samtökin telja að mesti ávinningurinn fyrir ríkið og nýsköpun á Íslandi væri af því að nýr sameinaður sjóður stigi inn þar sem er markaðsbrestur en fari ekki í samkeppni við fjárfestingarsjóði á einkamarkaði.



4. SI vilja vekja athygli á því að mismunandi skilningur getur verið á því hvað teljist fjármögnun á fyrstu stigum. Samtökin hvetja ráðuneytið til þess að hugsa vítt í þessum efnum og skilgreina fyrstu stig sem pre-seed, seed og series A fjármögnun. Skortur er á fjármagni á öllum þessum stigum fyrir ákveðna gerð fyrirtækja. Ljóst er að ekki er í boði mikið af fjármagni á Íslandi fyrir series B fjármögnun en samtökin telja mikilvægt að íslenskt fjármögnunarumhverfi reyni ekki að sigrá á öllum stigum heldur að búið sé vel að fyrirtækjum á fyrstu stigum og þau studd inn í vaxtarfjármögnun af öflugum íslenskum og erlendum sjóðum.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Sigurður Hannesson', is written over a horizontal line.

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI